



## 53. Körfuknattleiksþing

16. mars 2019 · Reykjavík

Þingskjal nr. 1

Tillaga um breytingu á reglugerð um körfuknattleiksmót lögð fram af Körfuknattleiksdeild ÍR á körfuknattleiksþingi þann 16. mars 2019:

Lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við 11. gr. reglugerðarinnar sem eftir breytingar myndi hljóða svo:

### 11. grein

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldersflokkum en honum ber. Öllum leikmönnum yngri aldersflokks er heimilt að leika hverju sinni með öllum aldersflokkum fyrir ofan sinn eigin. Leikmenn meistaraflokks karla og kvenna skulu gengnir upp úr 8. flokki.

### Greinargerð:

Mótanefnd KKÍ getur leyft keppni liðs í Íslandsmóti sem er annaðhvort kynjablandað eða skipað leikmönnum af gagnstæðu kyni frá minnibolta 10 ára upp í 9. flokk. Slíkt leyfi verður aðeins veitt ef félag sem óskar eftir að senda slíkt lið til keppni hefur sent inn rökstutt erindi til mótanefndar þar sem félagið hefur rökstutt með fullnægjandi hætti að mati mótanefndar að ástæða sé til að veita slíkt leyfi að teknu tilliti til meðal annars getu og/eða framþróunar liðs og/eða leikmanna sem sótt er um fyrir. Ef sótt er um slíkt leyfi fyrir lið geta leikmenn þess almennt ekki keppt bæði í flokki karla og kvenna en þó er það mögulegt ef um er að ræða tilfærslu á einstökum leikmönnum á milli liða. Blönduð lið eða lið af gagnstæðu kyni geta keppt á öllum mótum í tilteknum flokki nema í úrslitamótum þar sem endanlega er keppt um Íslandsmeistaratitil. Hafi slíkt lið áunnið sér sæti á slíku móti skal færa upp það lið sem næst kemur að stigum fyrir úrslitamót. Leyfi mótanefndar samkvæmt framangreindu tekur ekki til keppni í Bikarkeppnum KKÍ.

Virðingarfyllst,

F.h. KKD ÍR

Guðmundur Óli Björgvinsson, formaður stjórnar.

**Vísad til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 53. Körfuknattleiksping

16. mars 2019 · Reykjavík

bingskjal nr. 2

Erindi frá stjórn Körfuknattleiksdeild Sindra fyrir Körfuknattleiksping 16.mars 2019.  
Breytingartillaga að 18.grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Greinin er svohljóðandi:

Í úrvalsdeild karla skulu alltaf vera a.m.k. 4 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og má aldrei vera fleiri en 1 erlendur leikmaður á leikvelli sem ekki er ríkisborgari lands innan EES-ríkis (ESB) og telst ekki sem Bosmann-A leikmaður skv. lögum UTL hverju sinni. Bosmann-A leikmenn eru undanskyldir þessari reglu. Ef lið á ekki 4 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en 1 erlendan skulu samt sem áður aldrei vera fleiri en 1 erlendur ríkisborgari á leikvelli sem ekki telst sem Bosmann-A leikmaður.

Í úrvalsdeild kvenna skulu alltaf vera a.m.k. 4 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og má aldrei vera fleiri en 1 erlendur leikmaður á leikvelli sem ekki er ríkisborgari lands innan EES-ríkis (ESB) og telst ekki sem Bosmann-A leikmaður skv. lögum UTL hverju sinni. Bosmann-A leikmenn eru undanskyldir þessari reglu. Ef lið á ekki 4 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en 1 erlendan skulu samt sem áður aldrei vera fleiri en 1 erlendur ríkisborgari á leikvelli sem ekki telst sem Bosmann-A leikmaður.

Í 1. deild karla og 1. deild kvenna skulu alltaf vera a.m.k. 4 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og má aldrei vera fleiri en 1 erlendur leikmaður á leikvelli sem ekki er ríkisborgari lands innan EES-ríkis (ESB) og telst ekki sem Bosmann-A leikmaður skv. lögum UTL hverju sinni. Bosmann-A leikmenn eru undanskyldir þessari reglu. Ef lið á ekki 4 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en 1 erlendan skulu samt sem áður aldrei vera fleiri en 1 erlendur ríkisborgari á leikvelli sem ekki telst sem Bosmann-A leikmaður.

*Greinargerð:*

*Breytingartillagan gengur út á það að Bosmann-B leikmenn falli undir sama hatt og Bosmann-A leikmenn (önnur Evrópuríki auk Tyrklands og Ísrael) og séu því undanskildir þeirri reglu að vera hinn eini erlendi ríkisborgari liðs á leikvöllinum hverju sinni.*

Virðingfyllst f.h. Körfuknattleiksdeildar Sindra

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 53. Körfuknattleiksþing

16. mars 2019 · Reykjavík

Þingskjal nr. 3

### Keppnisfyrirkomulag yngri flokka #1

35. grein 9. FLOKKUR KARLA

Aldur: 14 ára eða 9. bekkur grunnskólans

Leiktími: 4 x 8 mínútur, hálfleikur skal vera 3 mínútur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik. Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 9. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu [C] á þjálfara brotlega liðsins.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal halda úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli.

1. 7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

2. 14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Í 9. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og heiman. Leika skal í einni, þegar félög eru 15 eða færri. Að öðrum skal leikið í tveimur getuskiptum deildum. Ef leikið er í tveimur eða fleiri deildum skulu félög skiptast í deildir sem hér segir: Árangur í 8. flokki árið á undan skal gilda til að raða. Þau 10 lið sem röðuðu sér efst að lokinni deildarkeppni í 8. flokki fara í 1. deild. Öll önnur lið keppa í 2. deild. Hvert lið skal leika 16-18 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.

Í úrslitakeppnina fara 16 lið. 10 úr 1. deild og sex úr 2. deild. Raðast þau frá 1 til 16 og eru liðin í 2. deild merkt 11, 12, 13, 14, 15 og 16. Leikið verður eftir bracket fyrirkomulagi. Leikir í 16 og 8 liða úrslitum verða heima í héraði. Undanúrslit og úrslit verða á stóru úrslitahelginni.

36. grein

8. FLOKKUR KARLA

Aldur: 13 ára eða 8. bekkur grunnskólans

Leiktími: 4 x 8 mínútur, hálfleikur skal vera 3 mínútur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. Í fyrri hálfleik er leikklukkan ekki stöðvuð. Ekki er heimilt að taka leikhlé í fyrri hálfleik og engar innáskiptingar leyfðar. Eitt leikhlé er á hvort lið er leyft í seinni hálfleik. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik. Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 8. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 8. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu [C] á þjálfara brotlega liðsins.

Engin skotklukka er í 8. aldursflokki. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

Leika skal með bolta nr. 6, [kvennabolta] á stórar körfur.

Það lið er Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð.

1. 7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

2. 14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Í 8. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og heiman. Leika skal í einni, þegar félög eru 15 eða færri. Að öðrum skal leikið í tveimur getuskiptum deildum. Ef leikið er í tveimur eða fleiri deildum skulu félög skiptast í deildir sem hér segir: Árangur í 7. flokki árið á undan skal gilda til að raða. Þau 10 lið sem röðuðu sér efst að lokinni riðlakeppni í 7. flokki fara í 1. deild. Öll önnur lið keppa í 2. deild. Hvert lið skal leika 16-18 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.

Úrslitakeppnina fara 16 lið. 10 úr 1. deild og sex úr 2. deild. Raðast þau frá 1 til 16 og eru liðin í 2. deild merkt 11, 12, 13, 14, 15 og 16. Leikið verður eftir bracket fyrirkomulagi. Leikir í 16 og 8 liða úrslitum verða heima í héraði. Undanúrslit og úrslit verða á stóru úrslitahelginni.

43. grein

## 9. FLOKKUR KVENNA

Aldur: 14 ára eða 9. bekkur grunnskólans

Leiktími: 4 x 8 mínútur, hálfleikur skal vera 3 mínútur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik. Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 9. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu [C] á þjálfara brotlega liðsins.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal halda úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli.

1. 7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

2. 14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Í 9. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og heiman. Leika skal í einni, þegar félög eru 15 eða færri. Að öðrum skal leikið í tveimur getuskiptum deildum. Ef leikið er í tveimur eða fleiri deildum skulu félög skiptast í deildir sem hér segir: Árangur í 8. flokki árið á undan skal gilda til að raða. Þau 10 lið sem röðuðu sér efst að lokinni deildarkeppni í 8. flokki fara í 1. deild. Öll önnur lið keppa í 2. deild. Hvert lið skal leika 16-18 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.

Í úrslitakeppnina fara 16 lið. 10 úr 1. deild og sex úr 2. deild. Raðast þau frá 1 til 16 og eru liðin í 2. deild merkt 11, 12, 13, 14, 15 og 16. Leikið verður eftir bracket fyrirkomulagi. Leikir í 16 og 8 liða úrslitum verða heima í héraði. Undanúrslit og úrslit verða á stóru úrslitahelginni.

44. grein

## 8. FLOKKUR KVENNA

Aldur: 13 ára eða 8. bekkur grunnskólans

Leiktími: 4 x 8 mínútur, hálfleikur skal vera 3 mínútur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. Í fyrri hálfleik er leikkluukkan ekki stöðvuð. Ekki er heimilt að taka leikhlé í fyrri hálfleik og engar innáskiptingar leyfðar. Eitt leikhlé er á hvort lið er leyft í seinni hálfleik. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik. Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 8. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 8. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu [C] á þjálfara brotlega liðsins.

Engin skotklukka er í 8. aldursflokki. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

Það lið er Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð.

1. 7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

2. 14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Í 8. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og heiman. Leika skal í einni, þegar félög eru 15 eða færri. Að öðrum skal leikið í tveimur getuskiptum deildum. Ef leikið er í tveimur eða fleiri deildum skulu félög skiptast í deildir sem hér segir: Árangur í 7. flokki árið á undan skal gilda til að raða. Þau 10 lið sem röðuðu sér efst að lokinni riðlakeppni í 7. flokki fara í 1. deild. Öll önnur lið keppa í 2. deild. Hvert lið skal leika 16-18 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.

Í úrslitakeppnina fara 16 lið. 10 úr 1. deild og sex úr 2. deild. Raðast þau frá 1 til 16 og eru liðin í 2. deild merkt 11, 12, 13, 14, 15 og 16. Leikið verður eftir bracket fyrirkomulagi. Leikir í 16 og 8 liða úrslitum verða heima í héraði. Undanúrslit og úrslit verða á stóru úrslitahelginni.

*Greinargerð:*

*Miklar breytingar hafa átt sér stað á keppnisfyrirkomulagi yngri flokka á þessari öld, langflestar til hins betra. Fyrir 20 árum voru leiknar 3 umferðir í neðri riðlum og úrslituumferð í A riðlum. Þetta hefur blessunarlega breyst og keppni í yngri flokkum hefur að mestu tekið miklum framförum.*

*Á því tímabili sem lýkur í maí var tekin upp sú nýlunda að leika heima og heiman í 10. flokki. Undirrituðum þóttist taka vel til, þar sem álag á leikmenn og þjálfara er eðlilegra. Í því fyrirkomulagi sem tíðkaðist í vetur hefur leikmönnum verið gefið tækifæri til eðlilegrar endurheimtar sem og undirbúnings og fjarvera stöku*

leikmanna vegna veikinda, skólafría eða fjölskylduaðstæðna hefur ekki jafn mikil áhrif á úrslit leikja eins og er þegar leikið er í fjölliðamótsfyrirkomulagi.

Mestu munar þetta fyrir þá leikmenn sem spila mest, hvort sem leikið er í fjölliðamótsfyrirkomulagi eða heima og heiman, þar sem meiðslahætta og möguleg uppbygging milli leikja er með eðlilegri hætti. Einnig gefst leikmönnum betra tóm til að vinna í sínum leik og þróa, og þannig bæta tækniatriðum inn í leik sinn milli leikja.

Mikið álag, sem myndast þegar leikið er í fjölliðamótsfyrirkomulagi, eykur meiðslahættu umtalsvert og setur þannig okkar efnilegustu íþróttamenn í talsverða og óþarfa hættu. Einnig er meiðslahættan nokkur fyrir unga íþróttamenn sem eru að stunda íþróttir til að njóta, en eru mögulega ekki í toppformi.

Luke og félagar komust að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni 2011 að mikilvægt væri að gæta að endurheimt ungra íþróttamanna, eða með þeirra orðum:

*When scheduling youth sporting events, potential activity volume and intensity over any 48-hour period, recovery time between all training and competition bouts, and potential between-day sleep time ( $\geq 7$  hours) should be considered to optimize safety. An overscheduling injury can be defined as an injury related to excessive planned physical activity without adequate time for rest and recovery, including between training sessions/competitions and consecutive days.*

Einnig komust Brink og félagar að því í rannsókn sinni 2010 á ungum afreks fótboldamönnum að: “physical stress was related to both injury and illness”.

Það er mikilvægt fyrir hreyfinguna að búa ekki til aðstæður þar sem meiðslahætta er meiri en gerist og gengur í kringum staka leiki.

Undirritaður telur að þessi breyting hafi ekki mikil áhrif á félög úti á landi, þar sem þessi félög spila 2-3 leiki í hverri ferð í útileiki. Þrátt fyrir álag og aðstæður sem eru ekki eins og best verður á kosið, þá er það að spila 2-3 leiki á um 44 tímum [18:00 á föstudegi til 14:00 á sunnudegi] langt um betra fyrir íþróttamenn en að spila 4 leiki á 26 tímum [13:00 á laugardegi til 15:00 á sunnudegi] eins og tíðkast núna. Möguleiki á endurheimt milli leikja er þá í það minnsta meiri. Ferðir í 8-9 útileiki eru 3-4, eða jafn margar og annars væri á fjölliðamót. Á mótí fengju þessi félög heimaleiki, sem er ekki víst að verði í fjölliðamótsfyrirkomulagi.

Að lokum, þá minnkar þessi breyting álag á mótastjóra og aðra starfsmenn KKÍ sem koma að mótamálum yfir keppnistímabilið, þar sem ekki þarf að raða fjölliðamótum í íþróttahús 4x-5x yfir tímabilið fyrir hvern riðil í hverjum flokki fyrir sig.

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglnanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 53. Körfuknattleiksping

16. mars 2019 · Reykjavík

bingskjal nr. 4

### Keppnisfyrirkomulag yngri flokka #2

37. grein 7. FLOKKUR KARLA

Aldur: 12 ára eða 7. bekkur grunnskólans

Leiktími: 4 x 8 mínútur, hálfleikur skal vera 3 mínútur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. ~~Í fyrri hálfleik er leikklukkan ekki stöðvuð. Ekki er heimilt að taka leikhlé í fyrri hálfleik og engar innáskiptingar leyfðar. Eitt leikhlé er á hvort lið er leyft í seinni hálfleik. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik.~~

Engin skotklukka er í 7. aldursflokki. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

Í 7. flokki karla er einungis heimilt að leika maður á mann vörn. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.

Leika skal með bolta nr. 6, [kvennabolta] á stórar körfur.

Það lið er Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð.

45. grein

7. FLOKKUR KVENNA

Aldur: 12 ára eða 7. bekkur grunnskólans

Leiktími: 4 x 8 mínútur, hálfleikur skal vera 3 mínútur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. ~~Í fyrri hálfleik er leikklukkan ekki stöðvuð. Ekki er heimilt að taka leikhlé í fyrri hálfleik og engar innáskiptingar leyfðar. Eitt leikhlé er á hvort lið er leyft í seinni hálfleik. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik.~~

Engin skotklukka er í 7. aldursflokki. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

Í 7. flokki kvenna er einungis heimilt að leika maður á mann vörn. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.

Leika skal með bolta nr. 6, [kvennabolta] á stórar körfur.

Það lið er Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð.

**Greinargerð:**

Síðast þegar breytingar voru gerðar á keppnisfyrirkomulagi yngri flokka var aukastig það sem lið fengu fyrir að spila 10 leikmönnum í fyrri hálfleik í 7. flokki afnumið. Sú breyting hefur verið til heilla, en enn eru leifar af þeirri reglu í regluverkinu. Þessi breyting snýst um að hætta að spila með gangandi klukku í fyrri hálfleik og spila í stað þess venjulegan 4x8 mínútna leik.

Undirritaður hefur átt mörg samtöl við þjálfara í 7. og 8. flokki og er nokkur samhljómur meðal þjálfara að breyta þurfi þessum hluta leikreglna 7. flokks. Eðlilegra er að spila leik þar sem hægt er að skipta leikmönnum inn og út, rétt eins og í öllum flokkum fyrir ofan (að 8. flokki undanskildum, sjá aðra breytingatillögu) og neðan (minnibolti 10 og 11 ára sem og mót félaganna). Þegar lið fengu aukastig fyrir að nota 10 leikmenn í fyrri hálfleik (5 leikmenn í fyrsta leikhliða og aðrir 5 í öðrum leikhliða) gekk þessi regla upp að ekki mætti skipta leikmönnum í fyrri hálfleik. Aukastigið er hins vegar ekki lengur hluti af regluverki sambandsins og því kominn tími á að leiðrétta leiktíma 7. flokks til samræmis við breytta tíma.

**Vísad til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld





## 53. Körfuknattleiksping

16. mars 2019 · Reykjavík

Þingskjal nr. 5

### AFREKSSTEFNA KKÍ 2019-2023

#### Hlutverk KKÍ

Hlutverk KKÍ er að auka áhuga og þátttöku á körfuknattleiksíþróttinni með því að halda úti öflugum afrekstarfi frá 14 ára aldri. Markmiðið er að senda sem flest landslið KKÍ í Norðurlandamót og Evrópukeppnir á hverju ári. Það er ein af skyldum sambandsins að auka þátttöku landsliða á erlendum vettvangi. Með því er verið að búa til fyrirmyndir sem stuðla að frekari þátttöku í íþróttinni. KKÍ á að stuðla að því að körfuknattleiksíþróttin eignist sem flesta atvinnumenn, sem er nauðsynlegt til að hámarka árangur í elstu aldursflokkunum á alþjóðavettvangi.

#### Afreksnefnd

Afreksnefnd er ráðgefandi til stjórnar KKÍ og tekur á öllu þáttum í afreksmálum sambandsins eins og um ráðningar landsliðsþjálfara, val á alþjóðalegum verkefnum landsliðanna, afreksáætlun og fleira.

Formaður afreksnefndar og tveir aðrir koma úr stjórn sambandsins en fjórir meðstjórnendur eru skipaðir af stjórn að loknu körfuknattleikspingi, sem haldið er á tveggja ára fresti. Stefna stjórnar er að velja aðila í afreksnefnd sem eru fyrrverandi afreksfólk, þjálfarar eða einstaklingar með mikla reynslu í stjórn afreksmála. Formaður KKÍ og afreksstjóri sitja einnig fundi afreksnefndar sem haldnir a.m.k. einu sinni í mánuði allt árið um kring. Afreksnefnd sér til þess að fræðsla til þjálfara sé aukin og fundar í því sambandi reglulega með fræðslunefnd en skilyrði fyrir því að hægt sé að auka árangur í afreksstarfinu er góð og markviss þjálfun barna og unglinga. Stjórn KKÍ ræður yfirþjálfara yngri landsliða að tillögu afreksnefndar. Yfirþjálfari yngri landsliða er faglegur ráðgjafi afreksnefndar og annast samskipti við þjálfara yngri landsliða varðandi m.a. skipulag æfinga, æfingamagn, val á leikmönnum og skipulag liða, jafnt innan vallar sem utan. Yfirþjálfari hefur jafnframt eftirlit með með því að þjálfarar framfylgi áherslum afreksnefndar hverju sinni.

KKÍ skilgreinir alla iðkendur sem valdir eru til æfinga með landsliðum sambandsins sem afreksíþróttafólk.

Afreksnefnd stendur fyrir eftirfarandi verkefnum:

Undirbúningsferli [ekki innan afreksstarfs] Úrvalsbúðir fyrir 11 til 13 ára haldnar tvisvar á ári þar sem iðkendur eru tilnefndir af þjálfurum sinna félaga.

Afreksbúðir 14 ára Afreksbúðir fyrir 14 ára haldnar tvisvar á ári þar sem framúrskarandi 50-60 iðkendur eru valdir til þátttöku af landsliðsþjálfurum KKÍ.

15 ára landslið stúlkna og drengja [U15] Fyrsta stigið í uppeldi landsliðsfólks. Hér fær enfilegt ungt íþróttafólk innsýn í hvernig það er að vera þátttakandi í landsliði KKÍ. U15 ára

landslið hafa síðastliðin ár farið á alþjóðlegt mót í Kaupmannahöfn sem er opið mót og mjög góður fyrsti keppnisvettvangur fyrir landsliðin okkar.

16 ára landslið stúlkna og drengja [U16] þessi lið hafa farið árlega á Norðurlandamót og stefnt er að því að liðin taki sömuleiðis reglulega þátt í Evrópukeppni yngri landsliða á vegum FIBA. Gerð er krafa um að þjálfarar séu með góða þekkingu og reynslu í þjálfun barna og unglinga og séu fagmannlegir í vali á leikmönnum. Lögð er áhersla að þjálfarar kynni áherslur KKÍ í varnar- og sóknarleik til að undirbúa landsliðsfólkið fyrir framtíðina. Stefnt er að því að hafa umgjörðina sem besta og aginn sé hinn sami og hjá eldri landsliðum.

18 ára landslið stúlkna og drengja [U18] þessi lið hafa farið árlega í Norðurlandamót og stefnt er að því að liðin taki sömuleiðis reglulega þátt í Evrópukeppni yngri landsliða á vegum FIBA. Gerð er krafa um að þjálfarar séu með góða þekkingu og reynslu í þjálfun barna og unglinga og séu fagmannlegir í vali á leikmönnum. Lögð er áhersla að þjálfarar kynni áherslur KKÍ í varnar- og sóknarleik til að undirbúa landsliðsfólkið fyrir framtíðina. Stefnt er að því að hafa umgjörðina sem besta og aginn sé hinn sami og hjá eldri landsliðum

20 ára landslið kvenna og karla [U20] Undirbúningur fyrir síðasta stig afreksstarfsins. Lögð er áhersla á sömu umgjörð og hjá A - landsliðum. Aðalþjálfari liðanna skal vinna í samstarfi við þjálfarateymi A - landsliða og leggja áhersla á að hafa sömu áherslur í sóknar- og varnarleik þannig að auðvelt sé fyrir leikmenn að stíga næsta skrefið sem er þátttaka í A - landsliðsstarfi KKÍ. A - landslið kvenna og karla.

Síðasta stig afreksstarfsins. Hér er lögð áhersla á að hámarka árangur. Markmiðið er að velja besta liðið hverju sinni og senda bæði liðin í sem flest mót, heimsmeistarakeppni, Evrópukeppni og Norðurlandamót.

#### Þjálfaramál

Þjálfarar á vegum landsliða KKÍ þurfa að vera búnir að fara í gegnum menntakerfi körfuknattleiksþjálfara til að geta starfað á vegum KKÍ. Miklar kröfur er gerðar til þeirra þjálfara sem veljast til starfa fyrir KKÍ.

#### Dómaramál

Stefnt er að því að KKÍ eigi 6 starfandi alþjóðlega dómara, 3 eftirlitsmenn og 2 leiðbeindur hverju sinni.

#### Fjármögnun

KKÍ nýtur styrkja frá afrekssjóði ÍSÍ eins og önnur sérsambönd sem halda út í afreksstarfi á Íslandi. Fer upphæðin eftir stærð sjóðsins, umfangi verkefna og fjölda umsókna í sjóðinn. Sambandið hefur markvisst unnið að því að fjölga styrktaraðilum. FIBA Europe styrkir yngri landslið vegna þátttöku í Evrópukeppnum. Því miður þurfa þátttakendur yngri landsliða ennþá að greiða stóran hluta kostnaðar vegna þátttöku í erlendum verkefnum. Langtímastefnan er að landsliðin verð sjálfbær með styrkjum frá afrekssjóði ÍSÍ, FIBA, FIBA Europe og innlendum styrktaraðilum.

## Aðstaða

Eitt helsta vandamál afreksstarfsins er að finna æfingatíma fyrir landsliðin. Leitað er til íþróttafélaga, bæjarfélaga og héraðssambanda um aðstöðu. Heimaleikir A - landsliðs kvenna og karla fara að öllu jöfnu fram í Laugardalshöll þar sem ekki er hægt að slá því föstu að aðstaðan sé til taks vegna annarrar starfsemi sem þar fer fram.

## Fagteymi

KKÍ hefur samið við Atlas endurhæfingu um umsjón með sjúkráþjálfun og íþróttalækningum landsliða sambandsins. Fjöldi fagteymisstarfsfólks sem ferðast með landsliðunum fer eftir stærð verkefna. Atlas endurhæfing hefur milligöngu um aðgang að sérfræðingum í íþróttalækningum sem hægt er að senda landsliðsfólkið til ef meiðsli eru alvarleg eða þrálát. Sjúkráþjálfari er til staðar á öllum æfingum A - landsliða kvenna og karla. KKÍ hefur notað sálfræðiteymi ÍSÍ þegar þess er þörf. Stefnt er að því að auka almenna fræðslu til alls landsliðsfólks eins og næringarráðgjöf, styrktar- og hugarþjálfun..

## Framtíðarsýn

Helsta verkefnið er að tryggja fjármögnun til lengri tíma. Framtíðarstefnan er að foreldrar yngri landsliðsfólks þurfi ekki að leggja fram fjármagn vegna þátttöku í afreksstarfi KKÍ. Því miður er það staðreynd í dag að sambandið þarf að treysta því að foreldrar séu reiðubúnir að taka þátt í kostnaði. KKÍ hvetur til uppbyggingar afreksmiðstöðvar í Laugardal þar sem aðstaða verður til æfinga og keppni fyrir öll landslið. Markmiðið er að öll landslið KKÍ taki þátt í Norðurlanda- og Evrópumótum ásamt því að A - landsliðin taki þátt í Norðurlandamótum og undankeppnum fyrir Evrópu- og heimsmeistaramót. Árangur á Evrópu- og heimsmeistaramótum sker úr um það hvort liðin komast á Ólympíuleika. Stefnt skal að því að komast á lokamót Evrópukeppninnar með A - landslið kvenna 2023 og aftur með A - landslið karla 2021. Stefnt er að því að fjölga iðkendum sem iðka körfuknattleik með samvinnu allra aðildarfélaga KKÍ.

Afreksstefna þessi gildir fram að næsta Körfuknattleikspingi vorið 2021.

**Vísad til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 53. Körfuknattleiksping

16. mars 2019 · Reykjavík

bingskjal nr. 6

### **bingsályktunartillaga - bingsályktun er varðar öryggi, eftirlit og aðbúnað á leikjum**

Körfuknattleiksping 2019 leggur til að stjórn KKÍ bæti inn í viðeigandi reglugerðir úrræðum til að takast á við óviðeigandi hegðun áhorfenda á leikjum. Það er nauðsynlegt að KKÍ geti tekið á málum einstakra áhorfenda og eða hópa sem þykja hafa gengið of langt. Núverandi úrræði í agaviðurlögum í reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd eru ekki nógu víðtæk og því er nauðsynlegt að bæta regluverkið.

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglnanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 53. Körfuknattleiksping

16. mars 2019 · Reykjavík

Þingskjal nr. 7

### Þingsályktunartillaga - Þakkir til sjálfboðaliða

Körfuknattleiksping 2019 þakkar fjölmörgum sjálfboðaliðum hringinn í kringum landið, mikið og óeigingjarnt framlag til körfuknattleiks á Íslandi. Án sjálfboðaliða væri körfuknattleikur ekki iðkaður hér á landi af þeim krafti og myndarbrag sem raun ber vitni.

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglnanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 53. Körfuknattleiksping

16. mars 2019 · Reykjavík

bingskjal nr. 8

### bingsályktunartillaga þjóðarleikvang

Körfuknattleiksping 2019 lýsir yfir þungum áhyggjum af aðstöðuleysi landsliða í körfuknattleik. Öllum landsliðum KKÍ, jafnt yngri landsliðum sem A-landsliðum, vantar varanlegt heimili til æfinga og keppni. Fullyrða má að aðstöðuleysið sé farið að hamla eðlilegri framþróun í afreksstarfi hreyfingarinnar.

Körfuknattleiksping hvetur stjórnir KKÍ og Íþróttá- og Ólympíusambandsins (ÍSí), sem regnhlífarsamtök hreyfingarinnar, til að taka höndum saman við aðrar íþróttagreinir, sem svipað er ástatt um, með það fyrir augum að hefja tafarlaugar viðræður við ríkisvaldið um varanlega lausn.

#### *Greinagerð:*

*Laugardalshöllin hefur verið heimavöllur landsliðs körfuknattleiks um langt árabil en hún er fyrir löngu orðin barn síns tíma og nær ekki að þjóna því hlutverki sem henni er ætlað sem þjóðarleikvangur. Þegar keppt er í undankeppnum Evrópumóta og heimsmeistaramóta þarf að sækja um undanþágur hjá FIBA þar sem höllin uppfyllir ekki skilyrði til mótahalds eins og kröfur hafa verið undanfarin ár. Óvíst er að slíkar undanþágur fáist öllu lengur.*

*Laugardalshöllin gegnir margþættu hlutverki; Hún er sýningarhöll, tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð svo fátt eitt sé nefnt auk þess að vera íþróttahús í því hverfi þar sem hún er staðsett. Í seinni tíð er Höllin sjaldan laus fyrir almennar landsliðsæfingar og og er það oft ærið verkefni að finna laus hús til æfinga Landsliðin okkar þurfa nauðsynlega á varanlegri æfingaaðstöðu að halda ásamt því að eignast keppnisaðstöðu sem uppfyllir kröfur nútímans.*

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglnanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 53. Körfuknattleiksping

16. mars 2019 · Reykjavík

bingskjal nr. 9

### **bingsályktunartillaga um að fjölga konum í störfum fyrir körfuknattleikshreyfinguna**

Körfuknattleiksping 2019 hvetur konur til að taka þátt í störfum innan körfuknattleikshreyfingarinnar s.s. í nefndum, stjórnnum, ráðum, þjálfun, dómgæslu og í öðru almennu sjálfboðaliðastarfi. Körfuknattleiksfélög eru hvött til að vinna að því að fjölga konum í störfum á vegum félaganna og stuðla þannig að því að iðkendur, jafnt stúlkur sem drengir, hafi í félagunum fyrirmyndir í því mikilvæga uppeldis- og forvarnarstarfi sem körfuknattleikshreyfingin stendur fyrir.

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglnanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 53. Körfuknattleiksping

16. mars 2019 · Reykjavík

bingskjal nr. 10

### **bingsályktunartillaga um vinnuhóp fyrir tvær efstu deildir karla**

Stjórn körfuknattleikssambands Íslands [KKÍ] leggur til að skipaður verði vinnuhópur um keppnisfyrirkomulag í tveimur efstu deildum karla. Stjórn KKÍ skal skipa vinnuhópinn eigi síðar en 31. mars 2019. Meðlimum vinnuhóps skal sent erindisbréf frá stjórn KKÍ og skal vinnuhópurinn skila inn tillögum í síðasta lagi 15. júlí 2019. Ef vinnuhópur leggur til breytingar við stjórn KKÍ mun stjórn taka þær fyrir og kynna niðurstöður eigi síðar en 1. okt. 2019. Breytingar munu taka gildi keppnistímabilið 2020-2021.

*Greinargerð:*

*Umræða hefur verið í hreyfingunni undanfarin ár um að skoða keppnisfyrirkomulag í tveimur efstu deildum karla. Á vinnufundi með formönnum félaganna í janúar 2019 kom fram mikill vilji um að skoða keppnisfyrirkomulag í tveimur efstu deildum karla frá öllum hliðum. Á þeim fundi var samþykkt að stjórnin legði fram tillögu að þessum vinnuhópi á körfuknattleikspingi.*

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglnanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld





## 53. Körfuknattleiksping

16. mars 2019 · Reykjavík

bingskjal nr. 11

### **bingsályktunartillaga um vinnuhóp fyrir tvær efstu deildir kvenna**

Stjórn körfuknattleikssambands Íslands [KKÍ] leggur til að skipaður verði vinnuhópur um keppnisfyrirkomulag í tveimur efstu deildum kvenna. Stjórn KKÍ skal skipa vinnuhópinn eigi síðar en 31. mars 2019. Meðlimum vinnuhóps skal sent erindisbréf frá stjórn KKÍ og skal vinnuhópurinn skila inn tillögum í síðasta lagi 15. júlí 2019. Ef vinnuhópur leggur til breytingar við stjórn KKÍ mun stjórn taka þær fyrir og kynna niðurstöður eigi síðar en 1. okt. 2019. Breytingar munu taka gildi keppnistímabilið 2020-2021.

#### *Greinargerð*

*Umræða hefur verið í hreyfingunni undanfarin ár um að skoða keppnisfyrirkomulag í tveimur efstu deildum kvenna. Á vinnufundi með formönnum félaganna í janúar 2019 kom fram mikill vilji um að skoða keppnisfyrirkomulag í tveimur efstu deildum kvenna frá öllum hliðum. Á þeim fundi var samþykkt að stjórnin legði fram tillögu að þessum vinnuhópi á körfuknattleikspingi.*

**Vísad til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglnanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 53. Körfuknattleiksping

16. mars 2019 · Reykjavík

Þingskjal nr. 12

### Fjárhagsáætlun 2019

## Fjárhagsáætlun KKÍ 2019

Rekstrartekjur	Áætlun 2019
Framlög og styrkir .....	81.200.000
Tekjur af leikjum - mótagjöld .....	19.000.000
Auglýsingatekjur .....	16.500.000
Landslið .....	60.150.000
Fræðslu og útb.starf .....	2.050.000
Aðrar tekjur .....	29.150.000
	<b>208.050.000</b>

Rekstrargjöld	
Yfirstjórn .....	49.585.000
Þjálfun og kennsla .....	11.780.000
Íþróttaleg viðskipti .....	100.325.000
Fræðslu og útb.starf .....	4.100.000
Rekstur mannvirkja .....	1.800.000
Önnur gjöld .....	23.200.000
	<b>190.790.000</b>

Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .... **17.260.000**

### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals ..... **( 3.900.000)**

Hagnaður (tap) ..... **13.360.000**

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglnanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld